

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

Brúarfljót 5-8 – 201-A.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðirnar Brúarfljót 5 og 7 eru sameinaðar í eina 11.822 m² lóð ásamt því að lóðirnar Brúarfljót 6 og 8 eru sameinaðar í eina 15.872 m² lóð. Frá falla staðföngin Brúarfljót 7 og 8. Annað í skipulagi er óbreytt.

Reykjahvoll 14 – 321-Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að auka leyfilegt byggingarmagn til jafns við aðrar lóðir. Heimilt verður að byggja 220 m² nýbyggingu á einni hæð með risi. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F. h. Mosfellsbæjar, 5. maí 2021,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. maí 2021